



## LANDVARÐAHÚS Í KERLINGARFJÖLLUM

Hrunamannahreppi

Skipulagslýsing

27.09.2021



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>3</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagslýsing</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>3</b>
<b>2.1</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>4</b>
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	4
2.1.2	Hrunamannahreppur – Aðalskipulag 2016-2032	5
2.1.3	Deiliskipulag	6
<b>3</b>	<b>BREYTING Á DEILISKIPULAGI</b>	<b>7</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISÁRHIF</b>	<b>7</b>
<b>5</b>	<b>SKIPULAGSFERLI</b>	<b>7</b>
<b>1.1</b>	<b>Umsagnaraðilar</b>	<b>8</b>
<b>1.2</b>	<b>Samráð</b>	<b>8</b>
<b>1.3</b>	<b>Skipulagsferli</b>	<b>8</b>

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	2775-028

## 1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing vegna deiliskipulagsbreytingar á deiliskipulagi Svæði Fannborgar – Ásgarði Kerlingarfjöllum. Fyrirhugað er að stofna nýja lóð og reisa landvarðaskála skammt norðan Kerlingarfjallavegar. Svæðið er þjóðlenda og er friðlýst.

### 1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

## 2 FORSENDUR

Þörf er á að reisa nýjan skála fyrir landverði í Kerlingarfjöllum en aukning ferðamanna og álags á svæðinu allt árið krefst landvarða sem ekki er rými fyrir í dag í núverandi húsnæði.






Í kafla 1.2.1 Skipulag áfangastaða ferðamanna segir: „Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða: – Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálandið og í jaðri þess. – Hálandismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálandið.“

Kerlingarfjöll eru skilgreind sem hálandismiðstöð þar sem gert er ráð fyrir samfelldri ferðapjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann.

Skipulagsbreytingin er í samræmi við landsskipulagsstefnu þar sem verið er að bæta aðstöðu landvarða sem nauðsynlegt er að séu staðsettir á svæðinu til að leiðbeina ferðamönnum og til að lágmarka neikvæð áhrif á viðkvæma náttúru. Þónokkur uppbygging er á svæðinu og er það skilgreint sem hálandismiðstöð. Mannvirki einkenna þegar svæðið og er ný bygging í tengslum við núverandi byggingar. Ekki er því verið að skerða víðerni eða önnur sérkenni hálandisins umfram það sem þegar er orðið.

### 2.1.2 Hrunamannahreppur – Aðalskipulag 2016-2032

Aðalskipulag Hrunamannahrepps var staðfest í ársbyrjun 2018. Stefna sveitarfélagsins á afþreyingar- og ferðamannasvæðum er m.a. að huga sérstaklega að öryggi ferðamanna s.s. með bættu þjónustustigi á hálandissvæðum.



MYND 2. Hluti gildandi aðalskipulags. Svæðið er innan rauða hringsins.

**TAFLA 1.** Hluti töflu í kafla 4.1.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði bls. 57-58 í greinargerð.


AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI		
Nr. Heiti	Lýsing	Jörð
AF15 Kerlingarfjöll	<p>Gert er ráð fyrir hálandismiðstöð með aðstöðu fyrir öryggis- og eftirlitsaðila, upplýsingar, auk fjölbreyttrar afþreyingar- veitinga- og gistinguþjónustu. Boðið veður upp á gistingu á tjaldsvæði, í gistiskálum og hótél/gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti af gistiframboðs og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun. Gert er ráð fyrir að allt að 300 gestir geti gist í húsum.</p> <p>Gert er ráð fyrir að metið verði hvort halda skuli í núverandi ásýnd svæðisins og yfirbragð mannvirkja eða móta nýtt yfirbragð með það að markmiði að styrkja ásýnd svæðisins. Unnið er að umhverfismati fyrir uppbyggingu starfseminnar. Stærð svæðis er allt að 20 ha. Unnið er að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið en einnig tengjast aðrar leiðir og afþreyingarsvæði í Kerlingarfjöllum Ásgarðssvæðinu.</p>	Afréttur

Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem fyrirhuguð uppbygging er hluti hálandismiðstöðver og öryggis og eftirlitskröfum á svæðinu.

### 2.1.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag Hálandismiðstöðvarinnar Kerlingarfjöllum sem tók gildi árið 2014 og hefur verið breytt einu sinni síðan. Markmið með deiliskipulaginu er að skilgreina framkvæmdir sem hafði verið farið í áratuginu á undan og einnig að skapa ramma um stækkun og endurbætur á aðstöðunni.

Í undirbúningi er breyting eða nýtt deiliskipulag fyrir a.m.k. hluta svæðis.



**MYND 3.** Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið frá árinu 2014.

### 3 BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Fyrirhugað er að skilgreina lóð og byggingarreit fyrir landvarðaskála skammt norðan Kerlingarfjallavegar. Settir verða skilmálar um útlit og aðlögun að landi og samræmi við aðra byggð á svæðinu.

### 4 UMHVERFISÁRHIF

Deiliskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka laganna. Svæðið er viðkvæmt vegna hæðar yfir sjó og þeirrar sérstöðu sem friðlýsingin tekur yfir. Breytingin er í næsta nágrenni við þá uppbyggingu sem þegar hefur verið á svæðinu þannig að ekki er verið að rjúfa ósnortna heild. Með ákvæðum um umfang og ásýnd byggingarinnar er talið að áhrif á umhverfið verði óverulegt.

### 5 SKIPULAGSFERLI

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið.

Skipulagslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins <http://www.hrunamannahreppur.is/>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni og á heimasíðu skipulags- og byggingarfulltrúa <http://www.utu.is>. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið [runar@utu.is](mailto:runar@utu.is), fyrir auglýstan tímafrest.

## 1.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins.

## 1.2 Samráð

Deiliskipulagsbreytingin verður unnin fyrir sveitarfélagið. Á vinnslutíma mun deiliskipulagsbreyting verða kynnt bæði íbúum sveitarfélagsins, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum.

## 1.3 Skipulagsferli

Meðferð skipulagslýsingar verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Í töflu 2 er sett áætlun um framvindu skipulagsferlisins.

**TAFLA 2.** Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
Október 2021	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
nóvember	Tillaga að deiliskipulagsbreytingu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, kynnt almenningi og lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
desember	Tillaga að deiliskipulagsbreytingu samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
janúar 2022	Tillaga að deiliskipulagsbreytingu afgreidd í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun, sem hefur 3 vikur til yfirferðar tillögu.
Feb. 2022	Gildistaka deiliskipulagsbreytingar auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.